

REGLUGERÐ

72

19. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2 kr., 5 kr., og 10 kr., sem greiðast veðmála-
stofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og
í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann
hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á
skeiðvelli félagsins, og til reiðveggar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má
þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinn-
ningar borgaðir þegar í stað gegn framvisun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað og
komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðarreglum fé-
lagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur, að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáiast
að fullu aftur.

8. gr.

Þeir sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðarreglum félagsins og úrskurði
dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár
o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og
því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927, og birtist hér með
til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.